

FRAMTÍÐARSAGA

Fyrir ekki allfáum árum sá ég þýska skáldsögu, þar sem verið var að lýsa þeirri framtíð, sem fyrir höndum væri. Segir þar frá ófriði hins þýska ríkis við Bandaríkin í Ameríku, mjög stórkostlegum. Þýskaland biður ósigur, keisarinn hrekst frá völdum, og á skömmum tíma er þýskt vald og velgengni hrunið í rúst. Verður því ekki neitað, að mjög hefir eftir því farið, sem í sögunni segir. En sagan nær fram yfir það sem enn er orðið. Skáldið segir frá því, hvernig Þýskaland réttir við, og á ótrúlega skömmum tíma verða ótrúlega miklar breytingar til batnaðar. Jarðfræðingur, sem einkum hefir lagt stund á rannsókn ísaldamenja (glacial-geolog), dr. H. P., er foringi endurreisnarinnar. Því miður man ég ekki nema fyrstu stafina í nafninu.

Þegar ég sá, hvernig ófriðarlokin urðu, og þeir tímar, sem síðan hafa verið, fór mig að langa til að lesa sögu þessa betur, en hafði þá gleymt bæði fyrirsögn og höfundarnafni, og tilraunir mínar til að ná í hana, þess vegna orðið árangurslausar. Og ég hefi litla von um að einhver kunningi minn kynni að verða til að senda mér hana. Kunningjar mínir í þremur heimsálfum, og sumir sem mér eru alveg ókunnir, senda mér stundum bækur og blöð, en því miður er það sjaldan nokkuð það, sem snertir mín mestu áhugamál, framtíð mannkynsins, og samband við aðrar stjörnur. Ýmsir hafa haldið, að þessi áhugi minn væri eitthvað firrukenndur, en moldvörpuháttur er slíkt og hörmuleg vanþekking. Það eru höfuðspekingarnir á jörðu hér, allra stærstu mennirnir í vitkunarsögu mannkynsins, Pyþagoras, Platon, Plótín, Brúnó, Newton, Swedenborg og Kant, sem á undan mér hafa talað um lífið á öðrum stjörnum og samband við

það. Mun ég seinna rita nánar um þetta merkilega efni, sem heimspekifræðingarnir hafa því miður veitt svo litla eftirtekt; athygli þeirra hefir heldur beinst að því sem tómfræðilegast (kenologi-kenndast) var í kenningum þessara spekinga. Menn hafa, á jörðu hér, verið sannleikanum svo fráhverfir, jafnvel þeir, sem ekki voru honum beint fjandsamlegir. En undir því er framtíð mannkynsins komin, hvort það tekst að átta sig á sambandinu við aðrar stjörnur. Að gera það, verður sama sem að vaxa upp úr allri hjátrú, og fram til þekkingar, sem duga mun til að fá þau yfirráð yfir öflum náttúrunnar, að endir geti orðið á allri mannlegri eynd, og í sannleika verði farið að lifa á jörðu hér. Því að það er röng ímyndun, sem tíðkast hér á útjaðri vitheims, að afturför, þjáning og dauði, sé það sem á að vera, og er óumflýjanlegt. Takist ekki að fá menn til að færa sér í nyt uppgötvanir, sem gera þar vísindi, sem áður hefir verið myrkur og misskilningur, þá mun með engu móti verða afstýrt þeim ósköpum, sem nú vofa yfir, og svo ógurleg eru, að aldrei hafa verið nálægt því aðrir eins hörmungartímar í sögu mannkynsins, og verða mundu á síðari hluta þessarar aldar, ef ekki næði fram að ganga sú stefnubreyting, sem hér á landi er hafin. Sumt í þessum efnum, er hverjum hugsandi manni auðveldlega skiljanlegt, eins og það, að hinar fullkomnari morðvélar, sem menn hafa komið sér upp á síðustu árum, mundu taka a.m.k. 10 mannlíf fyrir hvert eitt, sem tekið var í ófriðnum síðasta. Hitt vita menn síður, að veðráttu mundi spillast nærri því eins og segir í Völuspá, að tugir miljóna mundu láta lífið á herfilegan hátt, í drepsóttum, sem engin leið væri að verjast, af því að þær kæmu þannig upp, að áður óskaðlegir gerlar, sem hver maður gengur með í sér, mundu umhverfast, og verða að háskalegum drepsýklum. Uppgötvun sem danskur læknir, dr. Claudius, hefir gert fyrir ekki löngu, er góð bending um það, á hverju er von, og hvernig þetta gæti orðið. Dr. Claudius hefir nefnilega fundið geril, sem hefir þann hæfileika til að breytast þannig, að hann verði háskalegur.

Menn munu nú skilja, vegna hvers mér þykir hinu þýska

skáldi spámannlega tekist hafa, þar sem hann setur jarðfræðinginn dr. H. P. í nokkurt samband við hið endurbætta aldarfar, sem hann segir fyrir, jafnvel þó að mér þyki það með öllu ólíklegt, að nokkur jarðfræðingur fari að beita sér fyrir stjórnsmál á Þýskalandi.

17. ágúst 1924.